

Fundargerð 19. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 þriðjudaginn 25. október 2016

Mættir: Hörður J. Oddfríðarson formaður, Hlín Ástþórsdóttir varaformaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir ritari, Eva Hannesdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri og Emil Örn Harðarson mótastjóri

Í leyfi: Lóa Birna Birgisdóttir og Jónas Tryggvason

Afboða, mæta ekki: Elsa Guðmundsdóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir, Pétur Einarsson, Richard Kristinsson og Ragnar Marteinnsson

Fundur settur kl. 18:50

1. Fundargerðir og skýrslur

a. Fundargerð RIG 2017

Staðfest. Mótastjóri og framkvæmdastjóri vinna að verkefninu ásamt formanni Ægis

2. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Davíð Hildiberg Aðalsteinsson	SH	ÍRB	31.08.2016	30.09.2016
Hafsteinn Hákonarsson	Fjölnir	Ármann	06.10.2016	05.11.2016
Bryndís Bolladóttir	Ægir	Breiðablik	18.10.2016	17.11.2016

Fyrir mistök voru félagaskipti Davíðs Hildibergs ekki skráð í fundargerð stjórnar SSÍ þann 19. september 2016 og eru þess í stað skráð og staðfest hér.

Stjórn SSÍ áréttar að við félagaskipti missir viðkomandi sundmaður keppnisrétt með sínu gamla félagi þegar SSÍ mótttekur félagaskiptatilkynningu og öðlast keppnisrétt með nýju félagi fullum 30 dögum seinna. SSÍ hefur heimilað sundfólki að keppa á félagaskiptatímabili til að öðlast lágmörk í önnur verkefni. Sundfólkið keppir þá sem gestur á viðkomandi móti. Stjórn SSÍ felur formanni, framkvæmdastjóra og mótastjóra er falið að fara yfir almennar reglur og reglugerðir móta og gera tillögur um breytingar sem gætu skýrt reglur SSÍ.

3. Staðfesting meta

25 metra laug

Karlar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
4x100 skriðsund	Sveit-ÍRB	ÍRB	03:23.49	01.10.2016	Reykjanesbæ

Sveinar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m bringusund	Daði Björnsson	SH	00:35:71	01.10.2016	Reykjanesbæ
100m bringusund	Daði Björnsson	SH	01.15.97	01.10.2016	Reykjanesbæ

50 metra laug

Drengir

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
200m skriðsund	Viktor Forafonov	Asker	02:02:82	14.10.2016	Oslo
400m skriðsund	Viktor Forafonov	Asker	04:19:11	14.10.2016	Oslo
50m flugsund	Viktor Forafonov	Asker	00:28:13	14.10.2016	Oslo
100m skriðsund	Viktor Forafonov	Asker	00:57:84	15.10.2016	Oslo

4. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
27.09.2016	LEN water polo meeting	LEN
27.09.2016	LEN water polo events 2017	LEN
28.09.2016	Fina/ law updates	FINA/cm
28.09.2016	Hvernig heldur þú foreldrafund/fyrirlestur	KSÍ/II
03.10.2016	Fina Swimming school for officials Larnaca/ 5-6.nóv	FINA
03.10.2016	LEN syncro clinic	LEN/mp
04.10.2016	Nordic Junior diving championship Helsinki/9.-10.des	NSF/AK
04.10.2016	Invitation for Nordic Junior Water Polo Championship	NSF/PK
05.10.2016	Invitaion synchronized swimming Prag	jn
19.10.2016	Vafi um lögmæti sundmanns ÍRB á Bikarmóti SSÍ 2016	SH/kgk
10.10.2016	Formanni falið að svara erindinu	
10.10.2016	Formannafundur ÍSÍ	ÍSÍ/IIb+Irh

Fundargerð 19. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 þriðjudaginn 25. október 2016

Formaður sækir fundinn fyrir hönd SSÍ. Stjórn felur formanni að funda með formönnum annarra sérsambanda til undirbúnings fyrir formannafund ÍSÍ.
25.10.2016 Umsóknir í Afrekssjóð ÍSÍ/as
Sjá lið 5c

5. Verkefni í vinnslu og fjáröflun

a. Valkröfur

- i. Sendar voru valkröfur upp á kr. 2500 gegnum banka á alla einstaklinga fædda árið 1956. Þessar kröfur munu lifa fram yfir áramót 2016/17, en þá falla ógreiddar kröfur út án aukakostnaðar fyrir SSÍ. Við vinnslu úr þjóðskrá var miðað við að einungis ein krafa kæmi á heimili. Fyrir mistök fengum við rangan einkennislykil frá okkar banka, þannig að fyrst í stað birtist krafan sem reikningur frá SSÍ og olli það einhverjum ýfingum. Þegar mistökin urðu ljós og ljóst að bankinn bæri ábyrgðina tók bankinn að sér að bakfæra alla reikingana og færa inn að nýju sem valkröfur SSÍ að kostnaðarlausu. Allir sem gerðu athugasemdir í síma eða með tölvupósti fengu leiðréttingu sinna mála og skýringar frá starfsfólki SSÍ.
- ii. Framhaldið á þessari tilraun verður í mars 2017 þegar við sendum valkröfur á einstaklinga fædda 1957 og 1961. Þegar því er lokið getum við sest yfir afraksturinn og séð hvort þetta sé aðferð sem skilar okkur fjármunum. Einnig stendur til að velja upp 100 fyrirtæki og senda þeim reikning og ósk um styrk. Ekki er búið að taka ákvörðun um upphæð sem fyrirtækin verða beðin um.

b. Styrktarsamningar

- i. Styrktarsamningur við Myrthapools
 - Samningurinn er í ferli í umsjón formanns
- ii. Fyrirtækjahópur
 - Unnið er að því að fá hóp fyrirtækja til að fjármagna einstök verkefni á afrekssviði og uppbyggingu landsliða í umsjón formanns
- iii. Nike/Speedo
 - Viðræður um nýjan samning við Icepharma eru í ferli í umsjón framkvæmdastjóra

c. Afrekssjóður

- i. Undirbúningur umsókna
 - Afrekssjóður stefnir að því að úthluta í desember 2016, á sama hátt og miðað við sömu upphæð og í síðustu úthlutun.
 - Sjóðurinn mun svo taka breytingum á Íþróttapingi árið 2017 og í kjölfarið verða úthlutanir endurskoðaðar eða óskað eftir nýjum umsóknum.

Formanni, varaformanni, landsliðsþjálfara og framkvæmdastjóra falið að sækja um í sjóðinn samkvæmt ofangreindu.

d. Sundíþróttamiðstöð Íslands

- i. Tilgangur Sundíþróttamiðstöðvar væri að vera miðstöð fræðslu, útbreiðslu, uppbyggingar og afreka í sundíþróttum. Hugmyndin er að reyna tengja miðstöðina við þjóðarleikvang í sundi sem að öllum líkindum verður í Laugardalslaug. Gert er ráð fyrir að landslið í sundi og landsliðsþjálfari hafi aðsetur og aðstöðu í miðstöðinni, en jafnframt að farið verði með mjög viðamikla fræðslu og aðstoð út á land til félaga og skóla.

Fundargerð 19. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 þriðjudaginn 25. október 2016

- ii. Gert er ráð fyrir að fimm aðilar verði að miðstöðinni, þ.e. SSÍ, ÍSÍ, ÍBR, Reykjavíkurborg og ríkið.
- iii. Fundur með ráðherra íþróttamála hefur þegar farið fram og skilaði jákvæðri niðurstöðu, en ráðuneytið óskar eftir frekari útlitun á verkefnum miðstöðvarinnar og áætlun um innleiðingu á verkefnum hennar.
- iv. Fundur með borgarstjóra er fyrirhugaður á næstu vikum.
- v. Fundir með forystufólki stjórnmalaflokkanna hafa farið fram og hugmyndin verið kynnt þeim. Þeir fundir voru mjög jákvæðir.
- vi. Fundað verður með ÍSÍ og ÍBR í beinu framhaldi af fundi með borgarstjóra, en ÍSÍ og ÍBR hafa verið jákvæð gagnvart verkefninu.
- vii. Möguleg fjármögnun er í fyrsta lagi með beinu framlagi ríkisins, í öðru lagi með styrkjum fyrirtækja, í þriðja lagi með framlagi Reykjavíkur á aðstöðu og tækjum og í fjórða lagi með framlagi SSÍ, en það gæti samsvarað kostnaði við landsliðsþjálfara.

Stjórn SSÍ er áfram um að verkefnið takist.

e. LEN þing

- i. Marseille í Frakklandi 13. maí 2017
 - Formaður, varaformaður og mótastjóri (sem jafnframt er framkvæmdastjóri NSF sækja þingið)
- ii. Lúxemborg sækir um að halda þingið 2018
- iii. Mögulegt fyrir Ísland að halda þingið 2019

Stjórn SSÍ felur formanni að setja umsóknarferlið í gang og framkvæmdastjóri athugar með gistirými

f. Samræða við félög

- i. Uppbygging aðstöðu
- ii. Uppbygging hópa
- iii. Fræðsla um
 - Uppbyggingu félaga
 - Dómgæslu
 - Þjálfun
 - Mótahald og Splash

iv. Mótahald

g. Útgáfa efnis

- i. Plakat var gefið út í upphafi sundárs, fékk jákvæðar viðtökur og vekur athygli
- ii. Heimasíða
 - Mótastjóri er að vinna við einföldun og lagfæringar á síðunni ásamt því að hreinsa út úrelt efni
- iii. Dagatal 2017

Framkvæmdastjóra falið að skoða mögulega útgáfu

iv. Bæklingur um landið

Frestað til næsta árs

h. Verkefni tengd keppni

- i. ÍM25
 - Samningur við SH
 - Uppskeruhátíð

Framkvæmdastjóri vinnur að málinu

Fundargerð 19. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 Þriðjudaginn 25. október 2016

- ii. HM25 í Kanada
 - 4-6 sundmenn
 - Fylgdarfólk verður
 - a. Jacky Pellerin landsliðsþjálfari
 - b. Hörður J. Oddfríðarson fararstjóri
 - c. Unnur Sædís Jónsdóttir sjúkrapjálfi
 - Dómari
 - d. Haraldur Hreggviðsson
- iii. NM í Danmörku
 - 15-20 sundmenn
 - Fylgdarfólk verður
 - a. Steindór Gunnarsson þjálfari
 - b. Ragnheiður Runólfsdóttir þjálfari
 - c. Bjarney Guðbjörnsdóttir fararstjóri
- iv. IMOC
 - Samningur við SH

Liggur ekki fyrir

- v. AMÍ
 - Útgáfa lágmarka fyrir AMÍ 2017
 - a. Lágörkin tilbúin og verða send út til félaga þegar stjórn SSÍ hefur staðfest þau með rafpósti innan tveggja sólarhringa.
 - Samningur við Ægi vegna AMÍ 2017

Liggur ekki fyrir

- Uppgjör ÍA vegna AMÍ 2016

Liggur ekki fyrir

- vi. Bikar
 - Uppgjör og reynsla

Liggur ekki fyrir

6. Starfsmannamál

- a. Landsliðsþjálfari
Formanni falið að endurnýja samning við landsliðsþjálfara í samræmi við umræður undanfarinna mánaða
- b. Sjúkraþjálfari
Formanni falið að endurnýja samning við sjúkrapjálfa

7. Önnur mál

- a. Þjálfaramál í landsliðsferðum
Formanni og varaformanni falið að koma með tillögu til stjórnar um tilhögun
- b. Æfingabúðir
 - i. Okkur hefur borist beiðni um að skipuleggja Æfingabúðir fyrir Japan á Íslandi í aðdraganda HM50 2017
Landsliðsþjálfara, mótastjóra og framkvæmdastjóra falið að ljúka verkefninu

Fundargerð 19. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017
Þriðjudaginn 25. október 2016

- c. Uppfærsla á Atburðadagatali
 - i. Bæta þarf inn móti Aspar þann 7.mái 2017
- d. Fyrirlestur
 - i. Haraldur Hreggviðsson mun vera með endurmenntun fyrir dómara á RIG í kjölfarið á vinnu á HM25 í Kanada

Fundi slitið kl. 20:40